

LOKAÐ MEÐ BÓKUN


Málnr.: **M-00612/AIG-05**

Dags: **21. mars 2012**


Staður: **Keflavíkurflugvöllur**

Lýsing: **Röng hleðsla**

Í flugtaki vöruflutningaflugs tók flugstjóri flugvélarinnar TF-BBH (Boeing 737-400) eftir því að flugvélin svaraði ekki beitingu afl- og stjórnvala, eins



og búast mátti við, en áframhaldandi flug og landing var að öðru leyti athugasemdarlaust. Við komu á áfangastað kom í ljós að hleðsla flugvélarinnar var ekki í samræmi við hleðsluskrá þar sem 1.129 kg af vöru sem átti að vera á svæði 3, reyndust vera staðsett á svæði 2. Samkvæmt hleðsluskrá áttu einungis 255 kg. að vera á svæði 2. Við endurútreikning reyndist hleðsla vera rétt framan við fremri hleðslumörk við flugtak. Við rannsókn kom í ljós að í upphafi dags var áætlað að 1.129 kg. af fiski ætti að koma fyrir í lest 2 og hafði starfsmaður við hleðslu fengið þær upplýsingar munnlega. Síðar sama dag hafði því verið breytt og samkvæmt hleðsluskrá átti fiskurinn að fara í lest 3. Þessari breytingu hafði hlaðmaður ekki tekið eftir og kom fiskinum fyrir í lest 2. Í undirbúningi fyrir flug fór þetta einnig framhjá áhöfn sem yfirfór hleðslu vélarinnar fyrir brottför. Flugrekandinn og þjónustuaðili við hleðslu fóru ítarlega yfir verklag sitt og hafa gert breytingar bæði í verkferlum og þjálfun til þess að koma í veg fyrir að slíkt endurtaki sig.



Rannsóknarnefnd samgönguslysa lokaði málinu með bókun þann 24. október 2013.